



## 4. fundur aðalstjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá miðvikudaginn 10. janúar 2018 kl. 18:15.

---

**Mætt eru:** Guðmundur Kr. Jónsson (GKJ) formaður, Hjalti Þorvarðarson (HB), Viktor S. Pálsson (VSP), Ingibjörg Garðarsdóttir (IG), Helgi Sigurður Haraldsson (HSH), Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson (ÞRÁ), Jón Steindór Sveinsson (JSS), Guðmundur Gústafsson (GG) og Bjarnheiður Ástgeirsdóttir (BÁ) varamaður fyrir Ófeig Ágúst Leifsson. Auk þess sátu fundinn Aðalbjörg Skúladóttir (AS) bókarari og Gissur Jónsson (GJ) framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

**Forföll boðuðu:** Jóhann Helgi Konráðsson og Þórdís Rakel Hansen.

**Fjarverandi voru:** Sverrir Einarsson, Árni Steinarsson og Guðmundur Pálsson.

### 1. Uppbygging íþróttamannvirkja í Árborg

- Aðalstjórn Umf. Selfoss fagnar því að Sveitarfélagið Árborg leggi fjármagn í uppbyggingu íþróttamannvirkja á Selfossi en ljóst er að þörf er á enn frekari uppbyggingu til að mæta brýnni þörf félagsins sem stefnir markvisst að því að bjóða samkeppnishæfa æfinga- og keppnisaðstöðu fyrir allar deildir félagsins.
- Aðalstjórn Umf. Selfoss leggur mikla áherslu á að framgangur mála er varða uppbyggingu íþróttamannvirkja verði í samræmi við þjónustusamning Umf. Selfoss og Sveitarfélagsins Árborgar. Um það hefur ríkt sátt sem mikilvægt er að báðir aðilar samningsins virði.
- Varðandi staðsetningu á knatthúsi mælir aðalstjórn Umf. Selfoss með að, svo fremi sem það hindri ekki frekari uppbyggingu á svæðinu, verði byggingin reist sunnan gervigrasvallar.

### 2. Fundargerð aðalstjórnar

- 3. fundargerð aðalstjórnar frá 6. desember 2017 staðfest.

### 3. Fundargerð framkvæmdastjórnar

- 4. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 22. nóvember 2017 til umræðu.
  - Farið yfir rekstur meistaraflokka.

### 4. Þjónustusamningur við Sveitarfélagið Árborg

- Staðfestur eftir nokkra umræðu.

## **5. Rekstrarsamingur við Sveitarfélagið Árborg um rekstur Selfossvallar**

- Staðfestur og samþykkt að semja við knattspyrnudeildina til eins árs sem verði notað til að endurskoða starfslýsingar og breyttar þarfir á vellinum.

## **6. Búningasamningur**

- Hugmyndum að nýjum keppnisbúningi hafnað. Framkvæmdastjóra falið að vera í sambandi við Jako.

## **7. Ferðasjóður íþróttafélaga**

- Ítrekað að umsóknarfrestur rennur út á miðnætti 10. janúar 2018

## **8. Styrkur frá Evrópu unga fólksins**

- Aðalstjórn fagnar úthlutun styrkjar frá Evrópu unga fólksins til samstarfsverkefnis Umf: Selfoss og DGI Östjylland.
- Samþykkt var að skipa þriggja manna starfshóp til að vinna verkefnið áfram innan félagsins og verður framkvæmdastjóri hópnum til aðstoðar.
- Formönnum þriggja fjölmennustu deilda falið að tilnefna einn fulltrúa í hópinn.

**Fundi slitið klukkan 19:55.**